

Minnisblað starfsmanna

Móttakandi: Bæjarráð Garðabæjar

Varðandi: Garðabær

Nr. erindis 1512213

Dags.: 06. janúar 2016

Málefni: Snjóhreinsun og hálkueyðing í Garðabæ

Snjövakt er í Garðabæ frá 1. nóvember til og með 1. apríl og eru þá starfsmenn og verktakar til taks utan hefðbundins vinnutíma.

Þegar snjór fellur eða hálka myndast er unnið eftir fyrirbyggjandi viðbragðsáætlun og starfsmenn og verktakar ræstir út klukkan 4.00 að nóttu til sé talin ástæða til.

Verkefni við snjóhreinsun og hálkueyðingu má i stórum dráttum skipta eftir því hvort um er að ræða götur eða stíga, gangstéttar eða tröppur. Ólíkar aðstæður kalla á mismunandi tækjakost og aðferðir en markmiðið er það sama; að tryggja greiðar leiðir.

Á umferðargötum fara stórtæk snjóruðningstæki sem komast hratt yfir og salt er notað til hálkueyðingar. Markmiðið er að stofnbrautir, strætisvagnaleiðir, fjölfarnar safngötur, bílaplön, stofnanalóðir og aðkoma að skólum og leikskólum sé orðið greiðfært fyrir kl. 7.30 að morgni. Í framhaldi er oft farið í húsagötur sem eru hreinsaðar séu þær orðnar þungfærar, snjódýpt talsverð eða hálka og þá er saltað eða sandað eftir atvikum. Snjóhreinsun takmarkast við að gera þessar götur akfærar. Við snjóhreinsun í húsagötum er líklegt að við innkeyrslur myndist snjóruðningar. Þótt reynt sé að haga mokstri þannig að það gerist ekki eru aðstæður mjög misjafnar og stundum er það óhjákvæmilegt. Ekki hefur verið lög áhersla á að moka ruðningana nema í sérstökum tilfellum. Það fellur því í hlut íbúanna sjálfra að hreinsa burt snjó úr innkeyrslum.

Á stíga og gangstéttar fara sérútbúnaðar dráttarvélar og til hálkueyðingar er notaður sandur og salt. Stofnstígar, þ.e. breiðir göngu- og hjólastígar sem tengja saman bæjarhluta hafa forgang í hreinsun og síðan er farið í megingönguleiðir að strætóskýlum og skólum. Miðað er við að þær séu orðnar greiðfærar fyrir kl. 8:00 virka daga. Stundum er farið út um helgar ef mikið hefur snjóað til að reyna létta á göngustígum. Þröngir göngustígar í eldri hverfum (1-1.2 m) eru öllu jöfnu ekki mokaðir enda erfitt að fara þar um með vélar vegna þrengsla. Reynt er þó að bregðast við ábendingum eins og kostur er.

Tillögur til úrbóta

- Upplýsingar um viðbragðsáætlunina verði aðgengilegar á vef Garðabæjar. Þar verði sýnilegt á korti hvaða götur og stígar njóta forgangs og útskýrð rökin þar að baki. Vinna við þetta er vel á veg komin.
- Unnið verði að enn frekari þróun ábendingarkerfis með það að markmiði að bregðast fyrir við erindum íbúa.
- Samið verði við verktaka (einn eða fleiri) um að vera til taks, gegn gjaldi, fyrir íbúa sem eiga erfitt með að moka innkeyrslur að húsum sínum sjálfir. Eldri borgarar og öryrkjar fái þjónustuna niðurgreidda.
- Sandur og salt verði aðgengilegt fyrir íbúa á fleiri stöðum í bænum en það er nú þegar hægt að nálgast við húsnæði þjónustumiðstöðvar í Lyngási og við gamla áhaldahúsið á Álftanesi.
- Bætt verði við tækjakost Garðabæjar sem nýttur er til snjóhreinsunar og m.a. keypt tæki sem verði staðsett í Urriðaholti.
- Snjóhreinsun og hálkueyðing í Urriðaholti verði boðin út.